

Fundargerð 60. fundar

verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2021, fimmtudaginn 21. janúar kl. 13:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Steinþór Þórðarson, Ína Björk Ársælsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Freyr Ævarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri og Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um úrgangsmál - 2009105SA

Þann 15. janúar sl. birtust í samráðsgátt stjórnvalda drög að breytingu á lögum vegna innleiðingar svokallaðs hringrásarhagkerfis. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hafði áður sent sambandinu drög að frumvarpinu þann 5. janúar sl. Ráðuneytið hafði þá fundað nokkrum sinnum með fulltrúm sambandsins um málið.

Í drögnum eru lagðar til breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, og lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, vegna innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/850 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 1999/31/EB um urðun úrgangs, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/851 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 2008/98/EB um úrgang, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/852 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904 frá 5. júní 2019 um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið. Jafnframt eru lagðar til breytingar á framleiðendaábyrgð á rafhlöðum og rafgeymum sem og varðandi skilagjald á ökutækjum.

Málið var áður á dagskrá verkefnisstjórnarinnar 13. janúar sl. og var þá frestað.

Eygerður Margrétardóttir fór yfir drög að breytingum á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfisins. Farið var sérstaklega yfir þau atriði sem fela í sér grundvallarbreytingar í úrgangsmálum sveitarfélaga og umræður um hverjar áherslur sambandsins ætti að vera í umsögn um frumvarpið. Frumvarpið ásamt samanburðarskjölum verða aðgengileg fundarmönnum með ábendingum starfsmanna sambandsins milli funda og fundarmenn hvattir til að setja inn sínar

athugasemdir.

Samþykkt var að funda aftur miðvikudaginn 27. janúar þar sem farið verður yfir helstu áherslur í umsögn sambandsins.

2. Önnur mál - 2009111SA

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 14:30

Steinþór Þórðarson

Ína Björk Ársælsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Freyr Ævarsson

Guðmundur Tryggvi Ólafsson